

Fundargerð 328. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, þriðjudaginn 20. apríl kl. 14:15 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Í fundinum tóku þátt: Gísli Gíslason, Ólafur M. Kristinsson, Björn Magnússon, Már Sveinbjörnsson, Björg Ágústsdóttir, Skúli Þórðarson og Helga Jónsdóttir.

Að auki tók Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri þátt í fundinum og ritaði hann fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Rætt að nýju um skýrslu nefndar sem falið var að gera tillögur um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur á fundum sínum farið yfir og rætt skýrslu nefndar, sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði til að gera tillögur um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna. Stjórnin færir nefndinni þakkir fyrir skýrsluna og þær tillögur sem þar er að finna. Þann 12. mars sl. átti stjórn HÍ fund með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem farið var yfir ýmis atriði sem fram koma í skýrslunni.

Stjórn HÍ hefur ítrekað fjallað og ályktað um slæma fjárhagsstöðu hafna. Í skýrslu nefndarinnar kemur m.a. fram að einungis 9 af 36 höfnum landsins hafi árið 2006 skilað hagnaði og heildarskuldir hafna í árslok 2008 voru 14,1 ma.kr. Ætla má að afkoma hafna hafi versnað enn frekar á árinu 2009. Sú augljósa staðreynd blasir við að of margar hafnir búa við vonlítinn eða mjög erfiðan rekstrargrundvöll, sem leiða mun m.a. til þess að þau sveitarfélög sem eiga viðkomandi hafnir munu í náinni framtíð þurfa að leggja fram fjármuni til greiðslu skulda þeirra, nýframkvæmda og endurbóta. Því er brýnt að koma á þeirri skipan mála sem tryggir heilbrigðan og eðlilegan rekstrargrundvöll hafna sem samfélagsleg krafa er um að geti staðið undir rekstrarkostnaði og endurnýjun mannvirkja. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að fyrirhugað er að fella niður styrki ríkisins til hafnargerðar í lok árs 2013.

Nefndin um fjárhagsstöðu hafna bendir á fjölmörg atriði sem skynsamlegt og nauðsynlegt er að skoða til að koma rekstri hafna á réttan kjöl. Tvennt í þeim tillögum vekur sérstaka athygli og lýsir stjórn HÍ sig sammála þeim atriðum: Annars vegar er það sú niðurstaða nefndarinnar að samkeppnissjónarmið eigi ekki við um rekstur hafna og hins vegar sú meginniðurstaða að endurskoða beri grunnforsendur hafnalaga frá árinu 2003. Á fundi með samgönguráðherra kom fram að vilji væri til þess að endurskoða hafnalögin m.a. framsetningu 17. greinar laganna um gjaldskrár hafna og forsendur laganna um samkeppnistöðu þeirra. Að auki var á það bent af hálfu fulltrúa HÍ að fleiri

atriði þyrfti að skoða í slíkri endurskoðun svo sem löggjöf um hafnir í nágrannalöndum, sem virðist um margt rýmri en íslensk löggjöf, skyldur hafna til upplýsingagjafar o.fl. Þá kom einnig fram af hálfu fulltrúa HÍ að lagbreytingar einar og sér myndu ekki bæta rekstrarstöðu hafna heldur þyrfti fleira til að koma.

Á grundvelli framangreinds samþykkir stjórn Hafnasambands Íslands að óska eftir því við ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála að hafnalög nr. 61 frá árinu 2003 verði endurskoðuð og að fulltrúar Hafnasambands Íslands komi að þeirri vinnu. Markmið endurskoðunarinnar verði að skerpa á réttarstöðu íslenskra hafna og skapa þeim viðunandi rekstrargrundvöll.

2. Frumvarp til breytinga á hafnalögum - 1004001HA

Lagt fram til umsagnar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til laga um breytingar á hafnalögum, þskj. 914 – 525. mál. Í frumvarpinu er brugðist við óskum hafnasambandsins sem settar hafa verið fram á undanförunum misserum. Í fyrsta lagi kveður frumvarpið skýrar á um lagagrundvöll fyrir innheimtu aflagjalds í hlutfalli við aflaverðmæti. Í öðru lagi að styrktur verði grundvöllur gjaldtöku hafna í opinberri eigu með því að kveða skýrar á um setningu gjaldskrár, forsendur gjaldskrár og upplýsingaskyldu til notenda en gert er í gildandi lögum. Og í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til að bráða- birgðaákvæði um framkvæmdastyrki til hafna verði framlengt um tvö ár, m.a. í ljósi erfiðra rekstrarskilyrða hafna hér á landi.

Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp til breytinga á hafnalögum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Stjórn hafnasambandsins leggur áherslu á að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

3. Frumvarp til laga um hafnir - 1004001HA

Lagt fram frumvarp Árna Johnsen og Ólafar Nordal til laga um hafnir, þskj. 936 – 546. mál. Frumvarpið byggist á hafnalögum nr. 23/1994 og þær tvær meginástæður sem búa að baki þessu frumvarpi eru: Í fyrsta lagi að styrkhæfi hafna landsins verði tekið upp aftur og að ríkissjóður veiti hlutfallslega fjármagn til lagfæringa, endurbóta og uppbyggingar hafna eins og tryggt var í eldri lögum frá 1994. Í öðru lagi að ákvæði í gildandi hafnalögum um að allar hafnir landsins séu í samkeppnisumhverfi verði fellt út eins og um missýn hafi verið að ræða.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til frumvarpsins, en hvetur til þess að sem fyrst verði komið á fót samráðshópi hafnasambandsins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til þess að endurskoða gildandi hafnalög og vísar í því sambandi til ályktunar stjórnarinnar um niðurstöður nefndar sem falið var að gera tillögur um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna, sbr. 1. tölulið hér að framan.

4. Efnahagsáhrif af komu skemmtiferðaskipa - 0904008HA

Lagðar fram samandregnar niðurstöður úr könnun BREA & Peter Wild á meðal farþega og áhafna skemmtiferðaskipa sumarið 2009, sem Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflólahaafna, hefur tekið saman.

Í könnuninni var miðað við komu skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur, Akureyrar og Seyðisfjarðar. Niðurstöður könnunarinnar sýna að á þessum þremur stöðum hafa farþegar og áhafnir verslað fyrir 2,5 ma.kr. sem eru því bein efnahagsleg áhrif af komu skipanna til framangreindra staða árið 2009. Ef meta á heildaráhrif vegna skemmtiferðarskipa til Íslands þyrfti að kanna á öllum þeim stöðum sem fá skemmtiferðaskip í heimsókn. Í könnuninni er eingöngu reynt að meta bein áhrif af verslun og þjónustukaupum farþega og áhafnar en til viðbótar eru svo tekjur hafanna af hafnargjöldum, skattlagning ríkisins og þóknun til umboðsmanna skemmtiferðaskipanna.

Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf farþega til ýmissa þátta sem snerta almenna upplifun þeirra af heimsókninni til framangreindra þriggja staða og er yfirgnæfandi fjöldi farþega þeirrar skoðunar að heimsóknin hafi verið yfir þeim væntingum sem þeir höfðu.

Samþykkt var að senda niðurstöður könnunarinnar til aðildarhafna hafnasambandsins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til upplýsingar og jafnframt að vekja athygli fjölmiðla á niðurstöðunum.

5. Hafnasambandsþing 2010 - 0904010HA

Lögð fram fundargerð fræðslu- og fjárhagsnefndar hafnasambandsins frá 13. apríl 2010, ásamt drögum að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður á Snæfellsnesi 23. og 24. september 2010.

Stjórnin felur fræðslu- og fjárhagsnefndinni að vinna áfram að undirbúningi hafnasambandsþingsins og leggja fram frekar útfærða dagskrá fyrir næsta stjórnarfund sem ráðgerður er 21. maí nk.

Már Sveinbjörnsson hætti þátttöku í fundinum kl. 14:45.

6. Ferð um Strandir og Vestfirði – 1001001HA

Rætt um ferð stjórnarinnar um sunnaverðar Strandir og sunnanverða Vestfirði 15. og 16. apríl sl. Farið var til Hólmavíkur, Patreksfjarðar, Bíldudals og Tálknafjarðar. Rætt var við forsvarsmenn hafnanna og hafnarstarfmenn á þessum stöðum. Einnig voru skoðaðar hafnir við Haukabergsvaðal, á Brjánslæk og í Búðardal. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

Dagana 15. og 16. apríl 2010 heimsótti stjórn Hafnasambands Íslands Strandabyggð, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp og hitti forsvarsmenn og starfsmenn hafnanna í þessum sveitarfélögum. Farið var yfir stöðu hafnanna og þær framkvæmdir sem unnið er að eða eru í undirbúningi.

Á Bíldudal eru ný hafnamannvirki sem reist voru í tengslum við byggingu kalkpörungaverksmiðju á staðnum, en á Tálknafirði, Patreksfirði og Hólmavík

er ljóst að stór verkefni blasa við vegna endurnýjunar eldri hafnarmannvirkja.

Allar eru þessar hafnir litlar, en þær eru grundvallarforsenda atvinnulífs á þessum stöðum. Því beinir stjórn hafnasambandsins þeirri áskorun til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að þessum höfnum verði gert kleift með framlögum úr ríkissjóði að ljúka þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru við endurnýjun stálþilja eldri mannvirkja.

Með vísan til tillagna nefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sem fjallaði um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna, áréttar stjórn hafnasambandsins að margar, litlar hafnir víða um land gegna mjög mikilvægu samfélags- og atvinnulegu hlutverki en skortir tekjur til þess að sinna nauðsynlegum endurbótum á hafnarmannvirkjum. Framangreindar hafnir eru dæmi um það. Það er því brýnt að þær hafnir, sem þannig eru staddar, njóti ríkisstyrkja til endurnýjunar hafnarmannvirkja svo þær geti áfram gegnt samfélagslegum skyldum sínum.

7. Júní-fundur stjórnar - 1001001HA

Lögð fram tillaga um að júní-fundur stjórnarinnar verði haldinn úti á landi í síðustu viku júní-mánaðar.

Birni Magnússyni falið að útfæra hugmyndina nánar með tilliti til tíma- og staðsetningar og leggja fyrir næsta fund.

Næsti fundur er ráðgerður 21. maí.

Fundi var slitið kl. 15:00.

Gísli Gíslason

Ólafur M. Kristinsson

Björn Magnússon

Már Sveinbjörnsson

Björg Ágústsdóttir

Skúli Þórðarson

Helga Jónsdóttir

ritari